

FRÉTTABRÉF VEIÐIFÉLAGS JÖKLU

Pistill formanns

Veiðiárið 2024 verður lengi í minnum haft hjá Veiðifélagi Jökulsár á Dal. Það var í fyrsta sinn sem hægt var að veiða alla 92 daga veiðisumarsins, frá 24. júní og út september. Staða Háslóns þegar veiðin hófst var lægri en nokkru sinni fyrr sem leiddi til þess að Jökla var veiðanleg allt sumarið. Veiðin var eftir því, 1075 laxar skráðir á Jöklu og 1162 að Laxá og Kaldá meðtöldum. Þar með varð Jökla í 9. sæti yfir fengsælustu laxveiðiár landsins. Þetta sýnir hvers áin er megnug og að fiskræktin síðustu tuttugu árin hefur skilað árangri. Ef að ekki væri við óútreiknanlegt yfirfallið að eiga væri Jökla alltaf á topp tíu.

Starfsemi veiðifélagsins hefur verið svipuð þetta ár sem er liðið frá útgáfu síðasta fréttabréfs. Síðasta sumar var ekki staðið fyrir sérstökum tiltektardegi en veiðiréttarhafar hvattir til að huga að umhverfinu fyrir sínu landi. Við ætlum að hafa sama hátt á þetta sumarið og vonum að sem flestir gefi sér tíma til að huga að nærumhverfinu. Best er að gera það sem fyrst þar sem nú fara veiðimennirnir að streyma til okkar.

Líkt og vanalega verður grillsamvera við Hálsakot fyrir félagsmenn. Að þessu sinni er

hún sunnudag, 29. júní kl. 15:30. Ekki væri verra ef að landeigendur gætu þar glaðst yfir dugnaði sínum og deilt reynslu úr tiltekt eða lagfæringum á aðgengi.

Á aðalfundi í vor var samþykkt að greiða áfram 70% af leigugjaldi í arð til veiðiréttarhafa og munu þær krónur skila sér fyrir árslok. Það er hætt við að það verði ekki í líkingu við síðustu arðgreiðslur þar sem Háslón stendur um 25 m hærra núna en fyrir ári.

Sérfræðingar frá Haf og vatni ljúka í sumar rannsóknum vegna búsvæðamats í Jöklu. Landsvirkjun stendur straum af kostnaðinum skv. samkomulagi við félagið. Búsvæðamatið mun liggja fyrir í haust en það er forsenda þess að taka uppeldisskilyrði inn í arðskrá sem nú liggur fyrir að uppfæra á vetri komandi. Á aðalfundinum var sú ábyrgð lögð á herðar stjórnar og munum við kappkosta við að vanda þá vinnu með fulltingi Skarphéðins Smára hjá LOGG sem ætlar að halda utan um útreikningana líkt og síðast. Ný arðskrá verður svo lögð fyrir aðalfund á næsta ári.

Ég vil að lokum þakka stjórn, veiðiréttarhöfum, leigutaka og öðrum fyrir gott samstarf. Ég þakka einnig fyrir traustið sem mér var sýnt á aðalfundinum í vor, að fá að leiða þetta kraftmikla veiðifélag áfram og treysta með því grunninn fyrir byggð á bökkum Jöklu.

Þorvaldur P. Hjarðar, formaður stjórnar



Fyrsti laxinn af Jökluvæði sumarið 2025. Fallegur 88 sm hængur sem tók Sunray á Efri-Brúarbreiðunni í Laxá á tíunda tímanum að morgni 24. júní hjá spænskum veiðimanni. Mynd frá Strengjum.

Frá aðalfundi veiðifélagsins 2025

Aðalfundur Veiðifélags Jökulsár á Dal fyrir árið 2025 var haldinn á Skjöldólfsstöðum 27. apríl. Hann sóttu 16 að gestum meðtöldum. Fundarmenn fóru með atkvæðisrétt 19 veiðiréttarhafa af 74, þar af voru umboð nýu.

Helstu niðurstöðutölur ársreiknings 2024:

Tekjur	15.517.545 kr.
Gjöld	12.911.834 kr.
Fjármagnsliðir	240.715 kr.
Rekstrarafgangur	2.846.715 kr.
Eigið fé í árslok	11.612.319 kr.

Arðgreiðsla vegna ársins 2024 nam 70% af leigutekjum. Á aðalfundinum var samþykkt að

halda því hlutfalli fyrir árið 2025. Leigutekjur 2025 voru hærri en nokkru sinni fyrr þar sem í fyrsta sinn í sögunni var hægt að veiða alla 92 daga veiðisumarsins. Útlit er fyrir að þetta veiðiár verða nær meðalári og yfirfall komi um miðjan ágúst sem þýðir lægri veiðitekjur.

Kosið var um formann félagsins. Þorvaldur P. Hjarðar gaf kost á sér til endurkjörs og önnur framboð voru engin. Varamenn til eins árs voru endurkjörnir: Agnar Benediktsson (1.), Þorsteinn P. Gústafsson (2.) og Stefanía Karlsdóttir (3.). Engar breytingar urðu á nefndaskipan eða skoðunarmönnum.

Fundargerð og ársreikning er hægt að skoða á heimasíðu félagsins, www.jokla.org.

Laxveiðin og seiðasleppingar 2006-2024

Ár	Laxveiði Jökla	Laxveiði Laxá	Laxveiði Kaldá	Laxveiði Fögrh.á	Laxveiði Alls	Fjöldi gönguseiða	Sumaralín smáseiði	1 árs smáseiði
2006					0	4.000		
2007	12	15	75	20	122	40.000		
2008	56	48	59	22	185	41.000	7.000	
2009	35	128	93	63	319	42.700	42.000	
2010	96	91	118	44	349	67.000	25.550	35.000
2011	293	83	131	58	565	55.800	27.050	6.600
2012	177	40	121	49	387	66.100		22.500
2013	282	48	55	26	411	68.000		38.000
2014	186	36	50	34	306	69.500	44.000	21.000
2015	605	61	65	85	816	26.000	23.500	41.600
2016	372	30	82	100	584	33.650		49.000
2017	250	29	37	34	350	28.200	52.400	61.050
2018	410	73	31	14	528	23.000		105.600
2019	311	54	16	13	394	27.000		93.000
2020	824	23	13	10	870	24.000		51.200
2021	504	19	12	8	543	36.500		55.235
2022	764	17	18	3	802	40.000		34.200
2023	465	27	27	5	524	53.400		38.200
2024	1075	39	48	4	1166	35.284	21.588	3.600
Alls	6717	861	1051	592	9221	781.134	243.088	655.785

Styrkveitingar

Veiðifélagið fær 1.485.000 kr styrk úr Fiskræktarsjóði árið 2025 skv. bréfi dagsettu 5. júní. Sótt var sérstaklega um að bæta aðgengi að veiðistöðum á Efra-Dal, frá Tregluhyl að Randarkletti. Stjórn félagsins verður í sambandi við landeigendur á þessu svæði til að skipuleggja framkvæmdir og mun formaður hafa yfirumsjón með þeim. Áhersla veiðifélagsins varðandi aðgengi þetta árið verður á þessu tiltekna svæði. Engu að síður hvetur stjórn félagsmenn sem hafa hug á að bæta aðgengið annars staðar við Jöklu að sækja um í slóðagerð eða annað. Fylla þarf út eyðublað sem er aðgengilegt á www.jokla.org, og senda til Höllu gjaldkera áður en ráðist er í framkvæmdir. Stjórn mun taka umsóknir fyrir jafnóðum og þær berast og hafa til hliðsjónar forgangslista sem unninn er í samráði við leigutaka. Verklagsreglur fyrir styrkveitingar er að finna á heimasíðu félagsins.

Fiskræktaráætlun

Veiðifélagið skilaði inn endurbættri fiskræktaráætlun til næstu fimm ára til Fiskistofu í desember á síðasta ári þar sem Hafrannsóknastofnun gerði athugasemdir við innsenda áætlun. Staðfestingar Fiskistofu á áætluninni er beðið. Áætlunin er frábrugðin þeirri síðustu þar sem rannsóknir á seiðabúskap Jöklu hafa sýnt að öflug náttúruleg hrygning er komin í ána. Því verður næstu árin lögð meiri áhersla á gönguseiði í þverám þó að áfram verði sleppt sumaröldum seiðum í Jöklu til að styðja við útbreiðslu laxs í henni.

Arðskrármál og uppeldisskilyrði

Þegar arðskrá fyrir Jöklu var unnin 2016-2017 og samþykkt á aðalfundi í apríl 2017 voru undanskildar 2.000 einingar af 10.000 í arðskránni. Þessar 2.000 einingar eru ætlaðar til að vega uppeldisskilyrði inn í arðskrána. Forsendur til þess eru rannsóknir sem sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar (Haf og vatn) hafa undanfarin sumur unnið að við að meta búsvæði og botngerð í Jöklu. Þetta verður síðasta sumar þeirra vettvangsrannsókna og mun stofnunin skila mati sínu á haustdögum. Rannsóknirnar eru kostaðar af Landsvirkjun samkvæmt samkomulagi við veiðifélagið.

Þar sem liðin eru átta ár frá samþykkt arðskrár er heimilt að endurskoða hana á þessu ári. Á aðalfundi félagsins 27. apríl síðastliðinn var samþykkt að stjórn verði ábyrg fyrir endurskoðun og uppfærslu arðskrár og að ný arðskrá verði lögð fyrir aðalfund 2026. Jafnframt var samþykkt að stjórn fengi LOGG ehf. til að vinna upp arðskrána miðað við niðurstöður Hafrannsóknastofnunar um uppeldisskilyrði í ánni og heildarveiðitölur 2006-2025. Skarphéðinn Smári Þórhallsson hjá LOGG annaðist útreikninga varðandi arðskrá á sínum tíma og hefur tiltækt gagnasettið sem þá var unnið með. Í vinnuferlinu næsta vetur er jafnframt gert ráð fyrir að kalla eftir athugasemdum frá veiðiréttarhöfum varðandi arðskrána áður en gengið verður frá henni sem tillögu fyrir aðalfund.

Ódýr veiðileyfi fyrir veiðiréttarhafa

Í leigusamningi við Strengi er ákvæði um það að veiðiréttarhafar skuli eiga þess kost að kaupa veiðileyfi á verði sem nemur að hámarki 10% af markaðsverði. Leigutaka er heimilt að setja þá takmörkun á þessi leyfi að þau séu ekki seld með meira en 3ja daga fyrirvara og fjöldi stangardaga fyrir veiðiréttarhafa sem fara með eitt atkvæði sé ekki meira en 4 stangardagar. Stjórn félagsins hvetur menn til að nýta sér þetta, ekki síst til að kveikja áhuga yngri kynslóða á stangveiði. Áhugasamir snúi sér til Guðmundar veiðivarðar (s. 895-1677) eða Þrastar Elliðasonar (s.660-6890).

Stjórn og nefndir Veiðifélags Jöklu

Stjórn:

Þorvaldur P. Hjarðar, Hjarðarhaga
formaður. hjarðar@simnet.is
s. 866-3237

Skúli Björn Gunnarsson, Litlabakka,
ritari. skulibg@simnet.is
s. 860-2985

Halla Eiríksdóttir, Hákonarstöðum 3,
gjaldkeri. hallahakonar@gmail.com
s. 865-0026

Lárus Brynjar Dvalinsson, Vörðubrún
lallid@live.com
s. 860-2162

Gestur Hallgrímsson, Blöndubakka
blondub@simnet.is
s. 895-8929

Varamenn:

Agnar Benediktsson, Hvanná II
Þorsteinn P. Gústafss., Geirastöðum 2
Stefanía Karlsdóttir, Grund

Skoðunarmenn:

Sólrún Hauksdóttir
Ragnar Antonsson
Benedikt Arnórsson, til vara

Kjörbréfanefnd:

Benedikt Arnórsson, Hofteigi
Guðmundur Ólason, Hrólfsstöðum
Þorsteinn P. Gústafss., Geirastöðum 2
Varamenn:

Benedikt Ólason, Gauksstöðum
Hallgrímur Þórhallsson, Skriðuklaustri

Ritstjóri og ábyrgðarmaður fréttabréfs
og vefs: Skúli Björn
Heimasíða félagsins er www.jokla.org

**MUNUM að rúllubaggaplast er
bæði skaðlegt náttúrunni og ímynd
veiðiár. RÆKTUM ána okkar líka
með góðri umgengni og hirðusemi!**

Fréttir á vordögum '25

Heimadagar í tiltekt & grillsamvera sunnudaginn 29. júní kl. 15:30

Ekki er boðað til sérstaks tiltektardags á vegum veiðifélagsins þetta árið fremur en í fyrra. Þess í stað mælist stjórn félagsins til þess að veiðiréttarhafar hugi að heimalöndum sínum þegar þeir hafa tíma, hreinsi rusl við ána og skoði aðgengi eins og hlið og slóða. Þannig breytist tiltektardagurinn í heimadaga tiltektar eins og hverjum hentar en munum að það er hagur okkar allra að umhverfi árinna sé eins og best verður á kosið.

Stjórn veiðifélagsins ætlar að venju í samráði við leigutaka að hafa grillsamveru í Hálsakoti fyrir veiðiréttarhafa. Hún verður **sunnudag 29. júní kl. 15:30** og vonandi geta sem flestir litið við og spjallað um málefni Jöklu.

Útlit fyrir ágætt veiðisumar

Laxveiði hófst í Jöklu 24. júní líkt og í fyrra. Mun betra ástand er á ánni en 2024 eftir hlýtt vor þar sem snjóla leysti í hitabylgjunni í maí. Enda sást til fiska á Hólaflúð og við Steinboga viku fyrir opnun. Kaldur júní hefur gert það að verkum að horfur á yfirfalli snemma í ágúst hafa minnkað verulega. Fari svo fram sem horfir verður staðan á Hálslóni orðin eins og í meðalári undir lok mánaðarins og ólíklegt að yfirfall komi þá fyrr en eftir miðjan ágúst. Þessi hlýi vetur sem leiddi til þess að Hálslón stóð 25 m hærra í maíbyrjun heldur en í fyrra hafði í för með sér gríðarlegar leysingar í febrúar með tilheyrandi flóðum sem gætu hafa raskað búsvæðum seiða þegar krapastíflur brustu. Það ætti að koma í ljós í rannsóknum sumarsins.

Kastnámskeið og veiðileiðsögn

Stjórn félagsins samþykkti í apríl að stefna að kastnámskeiði næsta vetur fyrir félagsmenn. Einnig var samþykkt að styrkja áhugasama til að sækja sér menntun í veiðileiðsögn. Þeim sem hafa áhuga á þessu er bent á að hafa samband hið fyrsta við Skúla Björn ritara eða Höllu gjaldkera félagsins.